

9. júní 2021  
Tilv.: 2105098

Dreifibréf númer: 28/2021

Til eftirlitsskyldra aðila

*Efni:* Drög að reglum um fjárhagslegar viðmiðanir

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 28/2021 sem inniheldur drög að reglum um fjárhagslegar viðmiðanir. Um er að ræða innleiðingu í íslenskan rétt á tólf reglugerðum framkvæmdastjórnar ESB um tæknilega staðla sem útfæra nánar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011<sup>1</sup> (hér eftir BMR), sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest. BMR var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir.

Fimm aðrar reglugerðir framkvæmdastjórnar ESB um tæknilega staðla til útfærslu á BMR hafa þegar verið innleiddar í íslenskan rétt með reglugerð nr. 162/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir.

Reglugerðirnar sem nú er stefnt að því að innleiða innihalda:

- Tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir tilhögum upplýsingamiðlunar lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sbr. m. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 2. mgr. 47. gr. BMR.
- Tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisýfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda, sbr. f. og h. liði 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 7. mgr. 25. gr. og 23. mgr. 26. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi, sbr. a. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 5. mgr. 5. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hvernig tryggja eigi að inntaksgögn séu viðeigandi og sannreynanleg, og innri eftirlits- og sannprófunarferla þess sem leggur þau fram, sem stjórnandi mikilvægrar eða mjög mikilvægrar viðmiðunar verður að tryggja að séu til staðar ef inntaksgögn koma frá framlínudeild, sbr. b. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 5. mgr. 11. gr. BMR.

---

<sup>1</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 frá 6. júní 2016 um vísítölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014.

- Tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þætti háternisreglna sem stjórnendur viðmiðana sem byggjast á inntaksgönum frá aðilum sem leggja fram gögn eiga að þróa, sbr. d. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 6. mgr. 15. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um stjórnarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti, sbr. e. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 5. mgr. 16. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnendur mikilvægra og mjög mikilvægra viðmiðana skulu leggja fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðir fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni, sbr. c. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 3. mgr. 13. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þær forsendur sem lögbær yfirvöld skulu taka tillit til við mat á því hvort stjórnendur mikilvægra viðmiðana eigi að beita tilteknum kröfum, sbr. g. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 9. mgr. 25. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar inntak yfirlýsingar um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar skal birta, ásamt tilvikum þar sem uppfærslu er krafist, sbr. i. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 3. mgr. 27. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla sem ákvarða lágmarksinnihald samstarfsfyrirkomulags milli lögbærra yfirvalda þriðju landa þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur hafa verið viðurkenndar sem jafngildar, sbr. j. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 5. mgr. 30. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla fyrir form og inntak umsóknar um viðurkenningu til lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkis og fyrir framsetningu upplýsinga í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA), sbr. k. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 9. mgr. 32. gr. BMR.
- Tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingarnar sem á að leggja fram við umsókn um leyfi og við umsókn um skráningu, sbr. l. lið 2. mgr. 13. gr. laga 20/2017 um fjárhagslegar viðmiðanir og 8. mgr. 34. gr. BMR.

Reglugerðirnar eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins:

<https://www.efta.int/sites/default/files/images/su-nr-50-is-23-07-2020.pdf>

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements//su-nr-69-is-29-10-2020.pdf>

Reglurnar eru settar með stoð í a-m liðum 2. mgr. 13. gr. laga nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdu við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Seðlabankinn óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eigi síðar en 18. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

Guðrún Finnborg Þórðardóttir

forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra